

**Nd.**

**428. Nefndarálit**

[158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Málið hefur verið rætt í nefndinni. Flutningsmaður hefur lagt áherslu á að fá þetta mál úr nefnd þótt hann sé eini stuðningsmaður þess. Ný bankalög ganga í gildi um áramót og bankaráð verða kjörin skv. þeim fyrir jólaeyfi.

Það er stefna Sjálfstæðisflokksins að breyta eignaraðild að ríkisviðskiptabönkunum og starfrækja þá í hlutafélagsformi.

Alþingi, 20. des. 1985.

Friðrik Sophusson,  
frsm.

Ólafur G. Einarsson.

Halldór Blöndal.